



HÁSKÓLI ÍSLANDS
Hugvísindasvið

Fyrirgefning

„Það er enginn sigur eins fallegur og sá sem er unninn í fyrirgefningunni“.

(Sören Kirkegaard)

Ritgerð til B.A.-prófs

Sveinn Alfreðsson

Janúar 2011

Háskóli Íslands
Hugvísindadeild
Guðfræði- og trbr.fr.deild

Fyrirgefning

„Það er enginn sigur eins fallegur og sá sem er unninn í fyrirgefningunni“.

(Sören Kirkegaard)

Ritgerð til B.A.-prófs

Sveinn Alfreðsson

Kt.: 100360-2259

Leiðbeinandi: Sigfinnur Þorleifsson

Janúar 2011

Efnisyfirlit

Ágrip	1
Inngangur	2
Hvað er fyrirgefning?	3
Ferli fyrirgefningar	4
Sektarkennd.	8
Ný sjálfmynd	9
Hugtakið fyrirgefning í Gamla testamentinu	10
Hebresk hugtök yfir fyrirgefningu í Gamla testamentinu.....	11
Spámenn.....	12
Fyrirgefning Guðs.....	13
Fyrirgefning og helgihald	14
Fyrirgefning og fórn.....	15
Fyrirgefning og fyrirbæn	15
Hugtakið fyrirgefning í Nýja testamentinu	16
Faðirvor og fyrirgefningin	19
Gildi fyrirgefningar í lífi kristins manns	22
Niðurlag	27
Heimildaskrá	29



Ágrip

Í þessari ritgerð verður leitað svara við spurningunni: Hvað segir Biblían um fyrirgefningu og gildi fyrirgefningar fyrir einstaklinginn? Hugtakið fyrirgefning verður skoðað í Gamla og Nýja testamentinu og mismunandi merkingar þess. Stuðst verður við hebresk og grísk hugtök yfir fyrirgefningu.

Fjallað verður um fyrirgefninguna í lífi einstaklingsins út frá kristnum og sálfræðilegum sjónarmiðum og gildi hennar fyrir einstaklinginn. Nokkrir guðfræðingar verða til umfjöllunar í því sambandi. Fyrirgefning sem ferli verður einnig til umfjöllunar og áhrif hennar á sjálfsmynd einstaklingsins.

Inngangur

Fyrirgefning er mikilvægt hugtak sem hefur fylgt breyskum manni í gegnum tíðina. Þar sem samfélag manna er verður núningur sem endar oft með því að annar aðilinn (eða báðir) beitir hinn misrétti. Að segja eða gera eitthvað sem særir eða meiðir. Maðurinn er flókin vera sem hefur tilfinningar, hugsanir, vilja og vald. Sá sem verður fyrir misbeitingu verður oft fyrir miklum skaða sem markar líf hans og hegðun til framtíðar. Hann þarf oft að glíma við sálarflækjur þunglyndis, hræðslu og skammar.

Misgjörðarmaðurinn hefur oft sjálfur orðið fyrir sömu reynslu og sá sem hann beitir misrétti. Hér er oft um flókið ferli að ræða þar sem fyrirgefning getur skipt sköpum. Að geta komið fram fyrir þann sem var beittur misrétti og beðið hann fyrirgefningar af innstu hjartarótum. Að geta tekið á móti fyrirgefningu og gefið það frelsi sem fylgir því að taka á móti og fyrirgefa af hjarta. Fyrirgefningin er gjöf sem hægt er gefa, taka á móti eða hafna. Þessari gjöf fylgir frelsi og líf.

Í Biblíunni kemur fyrirgefningin víða við sögu og er stór þáttur í lífi hinna kristnu sem sagt er frá í Nýja testamentinu og gyðingdóm Gamla testamentisins. Til eru mismunandi hugtök yfir fyrirgefningu í Biblíunni og merkingin getur einnig verið misjöfn. Guð og sonur hans Jesús Kristur leggja grunn að kristinni fyrirgefningu sem kristnir menn hafa tileinkað sér í gegnum aldirnar.

Rannsóknarspurningin sem gengið verður út frá: Hvað segir Biblían um fyrirgefningu og gildi fyrirgefningar fyrir einstaklinginn?

Ég mun víða leita fanga til að nálgast efnið og skoða það út frá mannlegu og guðfræðilegu sjónarhorni. Ég tel fyrirgefninguna vera einn af grundvallarþáttum mannlegs lífs sem er oft vanræktur. Fræðsla og handleiðsla á sviði sálægslu, skóla og kirkjulegs starfs skipta þar miklu máli. Að mínu mati þarf að auka fræðslu og þjálfun þeirra aðila sem vinna með niðurbrotnar sundurkramdar sálir sem þurfa að geta veitt öðrum aðilum fyrirgefningu eða tekið á móti henni. Fyrirgefningin er ekki ódýr og er ekki alltaf tímabær. Að fyrirgefa er ferill sem leiðir til lausnar.

Hvað er fyrirgefning?

Samkvæmt íslenskri orðabók er fyrirgefning: „Náðun, sakaruppgjöf, að fyrirgefa, afsaka, forláta, gleyma mótgerð eða náða“.¹

Marteinn Steinar sálfræðingur segir að fyrirgefning sé kraftaverk eða ferill. Dæmi er um að menn fyrirgefi í ófyrirgefanlegum aðstæðum til dæmis þegar fjölskyldumeðlimur hefur verið myrtur eða þar sem maki yfirgefur hjónabandið vegna framhjáhalds.

Mikilvæg grunnildi tryggðar og trúnaðar hafa verið brotin og lítilsvirt. Þetta leiðir til djúpra sára, vandamál og erfiðleikar mæta þessum aðilum. Það sem gerist er ekki alltaf auðvelt að fyrirgefa og er jafnvel ófyrirgefanlegt. Marteinn telur fyrirgefninguna ekki geta átt sér stað nema hún byggi á réttlæti. Hann tekur sem dæmi söguna af Jósef í Biblíunni. Hann gat ekki fyrirgefið bræðrum sínum það sem þeir gerðu á hans hlut fyrr en hann hafði hlotið upphefð og var orðinn yfirmaður í Egyptalandi þá hafði hann öðlast réttlæti. Hér er um að ræða úrvinnsluferli sem þarf að eiga sér stað og menn fara í gegnum. Afleiðingar brota gegn einstaklingi leiða til sálrænna meiðsla, særinda, depurðar, kvíða og vanlíðunar sem þarf að horfast í augu við og vinna sigur á.

Eins og fram hefur komið er um feril að ræða. Hér er um gjöf að ræða, fyrirgefningin er gjöf þess sem brotið hefur verið á. Hann gefur gjöf í veikleika en ekki styrkleika sem „niðurbrotið og sigrað fórnalamb ranglætis“.² Marteinn segir að menn verða að eiga fyrir fyrirgefningunni, ekki er hægt að gefa eitthvað sem hann á ekki. Það þarf að eiga „tilfinningalega innistæðu“ fyrir fyrirgefningunni.³

Eins og guðleg fyrirgefning er gjöf er mannleg fyrirgefning einnig gjöf. Guð bauð fyrst fram þessa fyrirgefningu þegar hann sætti fólk í gegnum Krist. Fólk upplifir sætti Guðs í raunveruleikanum í sínu persónulega lífi, fjölskyldunni og samfélaginu. Því meiri reynslu og því oftar sem fólk reynir fyrirgefningu frá Guði og öðrum, því auðveldara er fyrir það að skilja fyrirgefninguna og fyrirgefa bræðrum og systur. Samt sem áður er mannleg fyrirgefning annars eðlis en fyrirgefning Guðs. Fólk getur ekki veitt aflausn eins og Guð gerir.

¹ Árni Böðvarsson, *Íslensk orðabók* 1979, s. 165.

² Kristín Bjarnadóttir, *Bjarmi* 2004, s. 14.

³ Kristín Bjarnadóttir, *sama rit*: 2004, s. 14.

William Meninger segir: „Að fyrirgefa er guðdómur“⁴. Það á sér stað með ótakmarkandi ást sem kemur frá Guði. Aðeins Guð getur veitt aflausn og aðeins syndari getur meðtekið hana. Fyrirgefning manna er takmörkuð.

Fyrirgefningin er einnig val sem fólk á að eiga möguleika á að veita öðrum, á tilteknum tíma án ótta eða forréttinda.

Einstaklingar sem fylgja Kristi geta fyrirgefið án þess að dómsvaldið hafi áhrif á það. Jóhannes Páll II fyrrum páfi gaf dæmi um þetta. Í maí 1981 varð hann fyrir alvarlegri skotársás af hendi Mohammed Agca en hann lifði það af. Nokkrum árum síðar fór hann í fangelsið til að heimsækja misgjörðarmanninn til að fyrirgefa honum. Hann fór ekki sem opinber aðili heldur á persónulegum nótum. Hér var um persónulega fyrirgefningu að ræða en ekki samfélagslega sakaruppgjöf. Páfinn vildi ná persónulegu sambandi og innri sátt en ekki samfélagslegri sátt.⁵

Íslenskt dæmi í þessa samhengi er þegar Gunnar Þorsteinsson forstöðumaður í trúfélaginu Krossinum fer á Réttargeðdeildina á Sogni til að fyrirgefa þeim sem myrti móður hans.

Hann segir: „Fyrirgefning er lykilatriði fyrir allt líf mannsins... Ef við eigum að setja Krist í eitt orð þá er það *fyrirgefðu*. Það er það sem lýsir best því sem Kristur gerði fyrir okkur og við eigum að gera fyrir aðra. Við eigum að elska náungann eins og sjálf okkur. Við eigum að elska allskonar fólk. Þá er ekki hægt að elska nema fyrirgefa“.⁶

Ferli fyrirgefningar

Berverly Flanigan segir frá rannsókn sem hún gerði um feril fyrirgefningarinnar og greinir frá í bók sinni „Að fyrirgefa það ófyrirgefanlega“ (e. *Forgiving the Unforgivable*). Hún tók viðtöl við fjölda einstaklinga sem allir áttu það sameiginlegt að hafa orðið fórnarlömb glæpa sem við getum kallað ófyrirgefanlega. Hún nefnir sem dæmi, börn sem hafa orðið fyrir kynferðislegri misnotkun af ættingjum eða hafa verið

⁴ Zenon Szablowinski, *Journal of Melbourne College of Divinity* 2009, s. 42

⁵ Zenon Szablowinski, *sama rit*: 2009, s. 42

⁶ Gunnar Þorsteinsson, *Sjálfstætt fólk* 2010. <http://visir.is/section/MEDIA99&fileid=CLP686>.

svikin á grófan hátt. Hvernig þessir þolendur unnu sig út úr sársauka og hvort ferli þessara einstaklinga hafi verið hliðstætt.⁷

Þegar brotið er alvarlega á einstaklingi fer allt úr skorðum. Mikill sársauki og særindi fylgja sálrænum meiðslum og sjálfsmyndin verður fyrir skaða. Ekki er auðvelt fyrir þolendur að ýta þessari líðan til hliðar og fyrirgefa. Það þarf að draga gerandann til ábyrgðar. Þegar fólk er komið á þetta stig er hægt að segja: „Þú braust á mér og berð alla ábyrgð. Ég gerði ekkert til að verðskulda þetta“.⁸ Að ásaka er ekki rangt ferli. Þegar einstaklingurinn er kominn á þetta stig er hægt að mæta gerandanum en hvernig gerir hann það? Það þarf að breyta stöðu þolandans. Hann er ekki lengur fórnarlamb og þar með ekki sá undirokaði og gerandinn ekki sá sem hefur sigrað. Eins og komið hefur fram er aðeins möguleiki að fyrirgefa á forsendum réttlætis og styrkleika. Hér þarf að rífa fólk upp úr niðurlægingu og veikleika og hjálpa því að öðlast aftur það sem var tekið frá því. Þegar við höfum endurheimt það sem var tekið frá okkur getum við veitt öðrum þá gjöf að fyrirgefa þeim. Réttlætið hjálpar okkur að komast frá hlutverki fórnarlambins en eingöngu þá getum við sagt að gerandinn hafi misst yfirburði sína og við höfum jafnað metin á forsendum réttlætis.⁹

Marteinn Steinar Jónsson sálfræðingur spyr hvort ekki eigi að skilyrða fyrirgefninguna. Fyrirgefningin er gjöf sem er gefin af frjálsum vilja og án skilyrða. Það tekur tíma en hér er um að ræða ferli fyrirgefningar sem þarf fyrst að eiga sér stað. Hann segir að við verðum að fyrirgefa til þess að losna undan vanlíðan sem fylgir því að vera fullur biturleika. Þetta þarf að gerast í tengslum við raunveruleikann og við það sem er rétt. Fyrirgefningin er ekki tímabær fyrr en við höfum farið í gegnum missinn og þá sorg sem honum fylgir. Við þurfum geta ásakað þann sem braut á okkur, ef það er ekki gert erum við að bæla niður heilbrigðar og réttmætar tilfinningar. Það leiðir aðeins til taugaveiklunar og ýmissa geðrænna vandamála.

Menn geta lent í því að gerandi neiti að hafa gert á hlut okkar. Það stoppar okkur ekki vegna þess að við ásökum án þess að gerandinn játi. Við höfum okkar sjálfsákvörðunarrétt sem gerandinn hefur ekki vald yfir. Sannleikurinn er ljós af okkar

⁷ Beverly Flanigan. *Forgiving the unforgivable* 1992, s. 4.

⁸ Beverly Flanigan, sama rit: s. 129.

⁹ Beverly Flanigan, sama rit: s 128-137.

hálfu og við þurfum ekki á því að halda að aðrir trúir okkur. Við getum fyrirgefið án þess að gerandinn játi.

Myndin sem við höfum af fólki þarf að breytast. Við þurfum að jafna metin. Af hverju játar hann ekki? Hugsanlega hefur hann ekki efni á því tilfinningalega að viðurkenna brot sín. Hér er um að ræða hans vandamál en ekki vandamál sem við berum ábyrgð á. Við getum tekið Hitler sem dæmi. Hann drap milljónir manna án þess að játa neitt. Það skiptir okkur ekki máli, við erum ekki háð því. Allir þurfa að takast á við sorg í lífinu til dæmis vegna andláts ættingja. Persónuleikinn styrkist við að fara í gegnum þjáninguna. Við þurfum að horfast í augu við og mæta þjáningunni og sorginni til að yfirstíga erfiðleika. Taugaveiklun er afleiðing af afneitun. Taugaveiklun skapast af því að menn sjá það sem þeir vilja ekki sjá en það leiðir til taugatitrings og vanlíðunar. Menn eru á flóttu undan þeim vanda sem þeir loka augunum fyrir.

Marteinn segir að það sé alltaf hægt að fyrirgefa en það er ekki alltaf jafn auðvelt. Til eru hlutir sem er mjög erfiitt að fyrirgefa til dæmis þegar nákominn ættingi deyr vegna læknastaka. Hann segir að hægt sé að lifa með því en erfiðleikar sorgarferlisins geta verið mjög misjafnir og kraftaverk getur þurft í sumum tilfellum til að geta fyrirgefið. Mörgum hefur tekist það ómögulega. Í eðli sínu er fyrirgefningin þroskaferli og þeir sem ganga í gegnum það öðlast dýpra innsæi í þjáninguna og öðlast aukna hæfni til að hjálpa öðrum, gerir þá sterkari og hæfari.¹⁰

Joseph Liechty gerir greinarmun á þrennskonar ferli fyrirgefningar manna. Fyrirgefning sem „láttu það fara“ (e. letting go), „kærleikur gefinn fyrirfram“ (e. love given before) og aflausn (e. absolution). Í fyrirgefningu sem „láttu það fara“ segir hann að þrír þættir einkenni þau viðbrögð sem þolendur vilja sýna gerendum sem gerir þeim skaða en það er hefnd, refsing sem er í nákvæmlega réttu hlutfalli við þann skaða sem þeir urðu fyrir. Hér er um að ræða neikvæðar tilfinningar í garð þeirra sem hafa brotið á þeim. Þeir vilja þeim allt hið versta. Ef fyrirgefning á að eiga sér stað geta þeir ekki horft framhjá réttlætiskröfunni. Leið fyrirgefningarinnar liggur í gegnum réttlæti sem ræðst af eðli skaðans.

Annað ferli fyrirgefningarinnar „kærleikur gefinn fyrirfram“ er byggt á kærleika sem er fullkomlega óskilyrtur og leitar eftir að gera öðrum gott. Dæmi um þessa

¹⁰ Kristín Bjarnadóttir, *Bjarmi* 2004, s. 15-16.

fyrirgefningu eru sögurnar í Nýja testamentinu af Sakkeusi og Glataða syninum. Þær eru klárlega dæmi um kærleika sem er gefinn fyrirfram og án allra skilyrða.¹¹

Af hverju á okkur ekki að standa á sama um misgjörðamanninn, gætum við spurt. Hann hefur valdið okkur hryllilegum skaða. Af hverju eigum við að hugsa um hagsmuni hans þegar hann hefur traðkað á okkur og sundrað gleði okkar? Timothy Jackson útskýrir að við eigum ekki að neita öðrum um það sem við þurfum sjálf á að halda. Eða á annan veg, viðurkenning á almennum siðferðilegum gildum og almennri þörf á fyrirgefningu ætti að vera frumhvöt fyrir ást og miskunn gagnvart ofsóknum. „Sá ykkar sem syndlaus er kasti fyrstur steini á hana“ (Jóh 8.7). Að fyrirgefa öðrum er leið til að sýna þakklæti fyrir fyrirgefningu sem Guð sýnir manni á annan hátt. Kristur gengur skrefi lengra og boðar miskunn og ást til þeirra sem fylgja honum eins og Guð elskar sérhverja manneskju sem gengst undir heilagleika Guðs. Guð „lætur sól sína renna upp yfir vonda sem góða og rigna yfir réttláta sem rangláta“ (Matt 5.45).¹²

Fyrirgefning er ótvírætt kærleiksverk sem streymir frá Guðs skilyrðislausu ást til allra manna. Hún sýnir fólki virðingu sem samfélagi Guðs barna. Fólk er skapað í Guðsmynd. Þess vegna jafnvel þó kristinn maður vilji ekki bjóða öðrum aftur í líkamlegt (e. physical) samfélag vegna þess að hann eða hún hefur ekki iðrast og mun opnast þegar þeir sættast og fyrirgefa. Hann skal áfram virða einstaklinginn og hafa opnar dyr fyrir sátt.

Þriðja nálgunin er eiginleiki fyrirgefningar sem Liechty nefnir fyrirgefningu sem aflausn eða syndafyrirgefning (e. absolution). Það á sér stað sem viðbrögð eða frekar sem niðurstaða af iðrun misgerðarmannsins og fyrirgefning í kjölfar „láttu það fara“ (e. letting go) eða „kærleikur gefinn fyrirfram“ (e. love given before) sem á sér stað hjá þeim sem braut af sér. Aflausnar ástand er lítið annað en viðurkenning á að sátt hafi átt sér stað. Hér er átt við að sá sem varð fyrir misgjörðum fyrirgefi misgjörðarmanninum vegna iðrunar hans í líkingu við fyrirgefningu Guðs og sættist við misgjörðarmanninn.

Fyrirgefning sem aflausn er háð iðrun misgjörðarmannsins. Án allra merkja um iðrun getur fyrirgefning átt sér stað en án sáttá. Misgjörðamaðurinn sjálfur getur kallað fram tilfinningu, gremju haturs og reiði án þess að það tengist misgjörðinni.

¹¹ Zenon Szablowinski, *Journal of Melbourne College of Divinity* 2009, s. 39.

¹² Zenon Szablowinski, sama rit: 2009, s. 39

Mannleg fyrirgefning er þess vegna annars eðlis en guðleg fyrirgefning. Hún getur átt sér stað án sáttar en það á ekki við um guðlega fyrirgefningu. Guð þekkir hjarta syndarans og fyrirgefur ætíð, það er aflausn. Þessi sátt við Guð tryggir viðkomandi syndara nýtt líf og opnar honum leið til samfélags við Guð. Þetta er ekki háð því að misgjörðarmaðurinn hafi hlotið fyrirgefningu þess sem hann braut gegn.

Þegar Kristur hvetur fylgjendur sína til fyrirgefningar þá er hann fyrst og fremst að mælast til að þeir geri það sem „láttu það fara“ (e. letting go) og „kærleikur gefinn fyrirfram“ (e. love given before). Það er tvennt sem auðkennir þessa afstöðu til fyrirgefningarinnar. Fyrirgefningin þarfnast ekki skilyrða svo sem iðrunar misgjörðarmannsins. Vegna þessarar afstöðu getur misgjörðarmaðurinn einnig fyrirgefið þeim sem hafa valdið honum sjálfum skaða.¹³

Sektarkennd.

Marteinn sálfræðingur fjallar um þá sem eru gerendur og hafa gert ófyrirgefanlega hluti og finnst þeir ekki eiga skilið fyrirgefningu. Hann segir að laun syndarinnar sé dauð sjálfsmýnd. Maður sem er fullur af sektarkennd getur ekki lifað, það kremur sjálfið. Hver er þá munurinn á sekt og synd? Hann segir að það sé í raun ekki mikill munur, hér sé um að ræða náskyld fyrirbæri. Það þarf að skoða forsendur sektarinnar og hvort hún byggir á hlutum sem hægt er að uppræta. Einstaklingur sem er fullur af sektarkennd þarf að fara í gegnum persónulega sáttargjörð, einnig gagnvart öðrum. Þessir hlutir geta legið mjög djúpt og jafnvel þarf á sálfræðimeðferð að halda til að vinna á sektarkenndinni. Stundum þarf að ásaka og refska þeim sem brotið hafa á viðkomandi en um er að ræða feril til að tjá reiði og særindi. Bænin er mikilvæg þar sem hlutirnir eru lagðir fram fyrir Guð. Marteinn segir að fyrirgefning verði ekki án réttlætis.¹⁴

Fyrirgefningin getur verið einn af öflugustu hlutum sem við getum gert. Eins og hver vöðvi verður að fá þjálfun til að vinna vel. Fyrirgefningin getur verið mjög erfið. Stundum hugsum við að fyrirgefning jafngildi skerðingu eða að horft sé framhjá misgjörðunum en það er sannarlega ekki þannig. Það snertir frekar frelsi okkar sjálfra

¹³ Zenon Szablowinski, sama rit: 2009, s. 39.

¹⁴ Kristín Bjarnadóttir, *Bjarmi* 2004, s. 14-15.

frá því sem við eigum ekki sök á. Ef við fyrirgefum ekki dregur það úr hæfileika okkar til að lifa í ást og sátt.¹⁵

Sören Kierkegaard talar um að það skiptir hann jafn miklu máli að fyrirgefa náunganum eins og það skiptir hann miklu máli að vera í sambandi við Guð. Fyrir honum liggur stígurinn til sameiningar á sjálfinu í gegnum samband og sætti við skapara sinn. Að lokum reyni hann að skilja og viðurkenna hina djúpu fyrirgefandi ást Krists.¹⁶

Ný sjálfsmynd.

Marteinn Steinar sálfræðingur talar um að lokaáfanginn sé að öðlast nýja sjálfsmynd. Þegar farið er í gegnum ferli fyrirgefningar breytir það okkur. Þegar menn hafa náð að fyrirgefa, horfa þeir ekki lengur aftur á bak heldur fram á veginn. Það verður nýtt upphaf. Að fyrirgefa er þroskaferill og sigur. Að öðlast réttlæti byggir upp og styrkir sjálfsmyndina en við það eflist *ónæmiskerfi sálarinnar*. Við það að fara í gegnum erfiðleika öðlast menn aukinn styrk og verða ekki eins viðkvæmir fyrir áföllum. Þetta virkar eins og bólusetning gegn frekari áföllum. Þess vegna er svo mikilvægt að fara í gegnum erfiðleikana svo þeir brjóti einstaklinginn ekki niður. Að vera ekki á flótta undan tilfinningum sem þú vilt ekki komast í snertingu við.

Einstaklingur sem gengur í gegnum ferli fyrirgefningar á auðveldara með að setja sig í spor annarra sem ganga í gegnum hliðstæða erfiðleika. Marteinn segir að fyrirgefningin sé náðargjöf, við endurheimtum réttlæti, tilfinningalega heilsu og styrkleika. Mikill sigur hefur verið unninn. Hann segir að biturleikinn sé eins og krabbamein sem eyðileggur. Einstaklingur sem getur ekki fyrirgefið hefur raunhæfar ástæður fyrir því sem við sjáum ekki en þær eru þó til staðar. Það er ekki okkar að dæma það heldur ættum við að reyna að skilja það.

Marteinn talar um þrennt sem menn öðlast við fyrirgefningu:

- Við leysum gerandann undan sök.
- Við sjálf losnum við að burðast með vandann.
- Sá sem braut á okkur er ekki lengur bundinn við okkur og við getum horft fram á veginn í stað þess að vera bundinn við fortíðina.

¹⁵ Alex Patakos, *Burbank* 2009, s. 1.

¹⁶ Simon D Podmore, *Journal of Psychology and Theology* 2009. s. 177.

Sá sem lifir við það að fyrirgefa ekki, lifir við skert lífsgæði. Sá sem fyrirgefur gerir það fyrir sjálfan sig. Það fylgir því myrkur að lifa við óuppgerða hluti en það er ástand sem getur leitt til taugaveiklunar. Sá sem vill ekki fyrirgefa þarf hugsanlega að fara í gegnum hliðarferli til að geta síðar fyrirgefið. Menn þurfa að fara í gegnum fyrirgefninguna á sínum hraða og sínum forsendum.

Marteinn telur ekki vera grundvallarmun á þeim sem eru kristnir og öðrum þegar ferill fyrirgefningar er skoðaður. Margir halda að þegar menn verða kristnir sé búið að hreinsa burt öll vandamál. Marteinn segir þetta vera misskilning. Við þurfum fyrst og fremst að vinna með okkur sjálf og vera heiðarleg. Þú þarft að ganga í gegnum feril fyrirgefningar en mátt ekki forðast þá ábyrgð sem fylgir því.¹⁷

Fólk sem mælist með mikla persónulega hæfileika til að fyrirgefa er líklegra til að greinast með hærra sjálfsmat og lífsánægju, einnig kemur fram minni reiði, taugaveiklun, kvíði og þunglyndi hjá þeim. Við vitum einnig að konur hafa meiri tilhneigingu til að fyrirgefa en karlmenn og fyrirgefningin er ekki bundin við trúarbrögð eða trúleysi. Efasemdarmenn eru jafn fúsir til að fyrirgefa og þeir sem eru strangtrúaðir.¹⁸

Hugtakið fyrirgefning í Gamla testamentinu

Í ritum Gamla testamentisins er alla jafna fjallað um fyrirgefninguna í tengslum við syndina. Fyrirgefning og synd er bundin við samskipti manna, þau eru tengslahugtök. Boðorðin eru gott dæmi um þetta. Í þeim kemur fram að það ranglæti sem maður sýnir öðrum snertir líka Guð og samband manns við hann. Fyrirgefningin hefur því trúarlega, samfélagslega og þjóðfélagslega merkingu í Gamla testamentinu. Ekki er auðvelt að greina þarna á milli því Gamla testamentið fjallar aldrei um manninn án félagslegra tengsla. Ef við skoðum umfjöllun Gamla testamentisins um fyrirgefningu má flokka hana í fimm flokka.

- 1) Oftast kemur fyrirgefning fyrir í bæn til Guðs eða samtali við hann. Bæn til Guðs um að varpa syndum fólksins í hafið eða djúpið (Mík 7.19), eða að hylja

¹⁷Kristín Bjarnadóttir, *Bjarmi* 2004, s. 16-17.

¹⁸Peter Strelan Lutheran, *Theological Journal*. Adelaide 2010, s. 97.

syndirnar (Slm 32. 1), afmá eða þvo þær burt (Slm 51. 3-4). Fjarlægja þær (Slm 103. 12) eða að hreinlega að gleyma þeim (Slm 25.7).

- 2) Syndin er ekki eingöngu bundin siðferðisbrotum, hún vísar líka til róttækari þátta. Hún nær yfir lífsgæði og lífsmöguleika mannsins. Þættir eins og erfiðleikar, sjúkdómar eða annar vandi sem menn ráða ekki við eru flokkaðir undir synd. Hér er um víðtækari merkingu að ræða. Hún felur ekki í bara í sér fyrirgefningu á siðferðismistökum og jafngildir því lækningu, lífgjöf og frelsun. Guð er því beðinn að bjarga manningum (Slm 51.16) eða að losa hann undan erfiðleikum er skapast af þjáningum, angist og dauða (Slm 130.8; Slm 22; 49.8).
- 3) Þegar Ísraelsþjóðin ræður ekki við eitthvað í sögunni er Guð beðinn um að fyrirgefa henni með því að horfa framhjá syndum þeirra (Slm 51.11) eða að mæta henni með mildi (Jes 40.2). Hér er Guð beðinn að losa þjóðina og einstaklinginn undan fargi fortíðarinnar.
- 4) Guð áminnir þjóðina um að virða réttlæti og kallar hana til iðrunar. Guð mun fyrirgefa þjóðinni ef hún iðrast og snýr sér til hans. (Jes 18.8; Jl 2.14; Jóh 3.10).
- 5) Fyrirgefning er bein afleiðing þess að Guð er miskunnsamur (Slm 103.12; 2Mós 36.6). Kærleikur og náð einkennir eðli hans. Að lokum er stundum hugtakið fyrirgefning notað án þess að sérstakt fyrirgefningarhugtak komi fram eða fullyrt að Guð virði ekki syndina vegna heilagleika síns. Hósea segir: „Ég ætla ekki að láta glóandi reiði mína ráða, ekki eyða Efraím aftur. Þar sem ég er Guð og ekki maður, heilagur mitt á meðal yðar, kem ég ekki til yðar í bræði“ (Hós 11.9). Hann gefur syndurum líf vegna heilagleika síns (Esk 18.21).¹⁹

Hebresk hugtök yfir fyrirgefningu í Gamla testamentinu

Í Gamla testamentinu eru þrjú hebresk orð þýdd sem fyrirgefning (e. pardon eða forgiveness). Í mörgum enskum Biblíupýðingum eru orðin notuð jafnt sem gefur til kynna að það sé lítill munur á þeim. Hebresku orðin eru:

- *Kipper (kpr)*, líkleg merking er að hylja (e.cover)
- *Nasa (n's)*, lyfta upp eða flytja burt (e. carry away)
- *Salach (slh)*, sleppa (e. let go).

¹⁹ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Glíman* 2008, s. 239.

Öll þrjú orðin eru notuð um að hylja eða fjarlægja syndir. Þær eru huldar þannig að þær sundri ekki lengur sambandi Guðs og manna. Þær eru fjarlægðar í burtu, þannig að allar hindranir eru fjarlægðar. Þær eru fyrirgefna þannig að það er engin gremja eða reiði í huga hinna særðu.²⁰

Þriðja rótin *Salach* (*slh*) er af óþekktum uppruna en samræmist mjög okkar merkingu á fyrirgefningu. *Kipper* og *salach* eru notaðar yfir fyrirgefningu Guðs en *nasa* yfir fyrirgefningu manna á milli.²¹

Spámenn

Claus Westermann notar hebreska orðið *salach* (*slh*) í umfjöllun sinni um fyrirgefninguna í Gamla testamentinu en það kemur fyrst fyrir hjá spámönnum í fyrirbæn Amosar (7.2). „Drottinn Guð, fyrirgef. Hvernig getur Jakob afborið þetta, þar sem hann er svo lítill?“ Þarna er fyrirgefning ekki í tengslum við syndir manna heldur á grundvelli Yahweh (vers 3). Næstur í tímaröð er Jeremía sem notar *salach* meira en nokkur annar spámaður. Í tveimur tilfellum notar hann fyrirgefningu Guðs sem möguleika, ef ákveðnum skilyrðum er náð. (Jer 5.1-6) Fyrirgefning er veitt ef einn réttlátur maður finnst í Jerúsalem. Í Jer 31.31-34 birtist fyrirgefningin sem fyrirheiti.

Í spádómi um frelsun í Jer 33.1-3 þar sem kjarninn á rætur að rekja til Jeremía, fyrirgefningin er einnig heimsslitafræðileg gjöf (e. escatologisk) (V.7) sem fær ytri mynd í uppbyggingu Júda og Ísrael.

Jesaja spámaður notar ekki sögnina *salach* þegar hann talar um fyrirgefningu. Í staðinn notar hann að afmá (*mâchâh*, *מחמ*) syndirnar (43.25; 44.22) sem kemur úr réttarfarsumhverfi- útpurrkun á syndum úr bók Yahweh.

Jes 55.7 er hvatning til illvirkjans að láta af breytni sinni og þá muni Guð fyrirgefa (*salach*) honum.

Í Exodus 34.9 biður Móse Yahweh um fyrirgefningu vegna þess að fólkid hafði útbúið sér gullkálfr til að tilbiðja.²²

²⁰ Westermann Claus, *Theological Lexicon of the Old Testament*, 1997, s. 797-798

²¹ Douglas, *The new Bible dictionary* 1972, s. 435

²² Westermann Claus, *Theological Lexicon of the Old Testament*, 1997, s. 801.

Í 2. Kon. 24.4 segir „það vildi Drottinn ekki fyrirgefa ” En Manasse hafið úthellt saklausu blóði í Jerúsalem.

Í 2. Kro 7.14 segir Yahweh „ þá vil ég heyra þá frá hinnum, fyrirgefa þeim syndir þeirra og græða upp land þeirra ” Þegar lýður hans hafði snúið sér frá syndum sínum og leitað auglitis hans.

Hér er átt við lækningu samfara fyrirgefningu. Landið mun vera laust undan plágum af völdum veðurs, engisprettu og drepsótta sem sýnir að Yahweh hefur auðsýnt tryggð, vernd og vináttu.

Skilningur Gamla testamentisins á fyrirgefningu er enn og aftur ástand, verk Guðs við hegðun mannsins ásamt frelsi frá syndum og lausn frá refsingu sem einnig færir heildar endurreisn eða endurnýjun.

Í nútíma hebresku talmáli er hún algengari sem *sliha* sem er meira í ætt við „fyrirgefðu mér” eða á ensku „pardon me”²³

Fyrirgefning Guðs

Náð og miskunn einkennir Guð í Gamla testamentinu. „Drottinn gekk framhjá honum og hrópaði: Drottinn, Drottinn er miskunnsamur og náðugur Guð, seinn til reiði, gæskuríkur og trúfastur. Hann sýnir þúsundum gæsku, fyrirgefur misgjörðir, afbrot og syndir en lætur hinum seka ekki óhegnt heldur lætur afbrot feðranna bitna á börnum og barnabörnum í þriðja og fjórða lið.“ (2Mós 34.6-7). Yfir öllum kynslóðum hvílir náð Guðs. Hér er átt við eilífa náð en frá dögum Móse og fram á okkar daga eru 82 kynslóðir. (Reiknað er með að Móse hafi verið uppi fyrir um 3200 árum og reiknað er með 35 árum fyrir hverja kynslóð).

Í textanum kemur einnig fram að Guð er réttlátur. Guð samþykkir ekki að illskan sem menn valda öðrum móti samfélagið til lengdar en það kemur fram í því að Guð vitjar misgjörða í þriðja og fjórða lið. Þessi orð hafa verið tekin til umfjöllunar af guðfræðingum og þeir hafa deilt um túlkun þeirra. Ein af skýringum þeirra er sú að hér sé um að ræða stórfjölskyldu fornra tíma en henni tilheyrðu oft þrjár til fjórar kynslóðir og voru oft undir sama þaki. Í textanum er gert ráð fyrir að þegar ógæfa hendir einn af fjölskyldumeðlimunum, þá snertir það alla fjölskylduna sem eru eins og fram hefur

²³ Westermann Claus, sama rit: 1997, s. 801-802

komið geta verið þrjár til fjórar kynslóðir. Vísað er til fjölskyldunnar en ekki til framtíðar. Brot eins úr fjölskyldunni getur eitrað út frá sér og spillir samskiptum. Hin túlkun fræðimanna snýst um að árétta langlyndi Guðs sem refsir mönnum ekki þegar í stað heldur gefi þeim færi á að bæta ráð sitt. Einnig hefur verið bent á að það taki fjölskyldu iðulega þrjár til fjórar kynslóðir að jafna sig eftir ógæfu sem hent hefur, eins má heimfæra það yfir á ógæfu sem þjóðfélag gengur í gegnum.

Hér er meðal annars átt við sektarkennd sem getur legið yfir manneskjum, fjölskyldum og þjóðum. Drungi sektar hvílir yfir öllum og hamlar daglegu lífi fólks. Fyrirgefning léttir þá erfiðu byrði. Í þessu samhengi er eðlilegt að einstaklingar, fjölskyldur og þjóðir komi fram fyrir Guð til að létta af ógæfu og biðja um fyrirgefningu og náð til að bæta lífskjör þeirra. Hér nálgumst við bænina og helgihaldið þar sem menn nálgast Guð og öðlast fyrirgefningu.

Fyrirgefning og helgihald

Auðvelt er að finna fyrirgefningunni stað innan helgihaldsins. Að létta byrðum sektar og syndar, af manningum, sem hann hefur borið í bæn til Guðs. Hér má nefna söguna af Kain og Abel. Þegar Kain hefur drepið Abel bróður sinn kemur hann fram fyrir Guð í bæn.

„Sekt mín er meiri en svo að ég fái borið hana. Nú hefur þú rekið mig burt af landinu. Ég verð að fela mig fyrir augliti þínu, landflótta og flakkandi um jörðina. Þá getur hver sem finnur mig drepið mig.“ Drottinn sagði við Kain: „Svo skal ekki verða. Hver sem drepur Kain skal sæta sjöfaldri hefnd.“ Og Drottinn setti merki á Kain til þess að enginn sem rækist á hann dræpi hann. (1Mós 4.13-15)

Áhugavert er að sjá að Guð léttir af honum byrðinni og blessar hann án þess þó að gera lítið úr þessum mikla glæp. Guð léttir sektarbyrði af einstaklingnum, fjölskyldunni og þjóðinni í helgihaldinu. Prestur gegnir þar lykilhlutverki sem tákn fyrir þessa fyrirgefningu. Í Gamla testamentinu er sagt frá því hvernig sektin var lögð á fórnardýrið (3Mós 10.17; 16.21) eða komið fram fyrir Guð með hana í bæn. Guð kemur í veg fyrir áframhaldandi glötunarferli mannsins sem hann hefur komið sér í með fyrirgefningu og opnar nýja lífsmöguleika fyrir samfélagið, fjölskyldur og einstaklinga. Við sjáum þetta í

mörgum af sálum Gamla testamentisins þar sem Guð er lofaður fyrir fyrirgefningu, sem dæmi um þetta má nefna sálm 16.10.

Fyrirgefning og fórn

Sagt er frá því í Biblíunni hvernig á að taka á ýmsum brotum einstaklinga, fjölskyldna og þjóða. Í því samhengi koma hátíðir við sögu en sú mikilvægasta er friðþægingarhátíðin (Yom Kippur), sem haldin er í september. Þessi hátíð Ísraelsmanna snýst um að einn taki á sig byrðar annars. Tveir hafrar og uxar eru teknir af æðsta prestinum. Annar hafurinn er ætlaður sem friðþægingarfórn fyrir fólkið frammi fyrir Drottni en hinum er sleppt út í eyðimörkina. Uxanum er fórnað fyrir æðsta prestinn sem friðþægingarfórn. Tekið er nokkuð af blóði hafursins og stökkt á lok sáttmálsarkarinnar og einnig fyrir framan hana sem friðþægingarfórn fyrir syndir Ísraelsmanna. Lýðurinn er þannig hreinsaður af syndum sínum með blóði hafursins. Að lokinni hreinsun æðsta prestsins og safnaðarins, leggur hann hendur yfir hafurinn. Á táknrænan hátt heimfærir hann syndir lýðsins á hafurinn sem tekur syndirnar með sér út í eyðimörkina (3Mós 16). Þannig eru syndir sem valda sundrung á milli Guðs og manna og eins á milli manna bornar út í eyðimörkina. Hér var um að ræða athöfn sem þurfti að framkvæma á hverju ári vegna þess að menn féllu að nýju í synd.

Fyrirgefning og fyrirbæn

Í gegnum bæn er einnig veitt fyrirgefning en þá biður einstaklingur fyrir hönd einhvers annars eða alls samfélagsins. Ættfeður, prestar og spámenn sinntu þessu hlutverki í Gamla testamentinu (1Mós 20.7; 2Mós 32; Am 7.1-6). Þessir aðilar stigu fram fyrir Guð og báðu bænir fyrir þeim sem höfðu brotið af sér og fyrir þeim sem höfðu forhert sig og sýndu enga iðrun. Þegar Ísraelsmenn höfðu búið til gullkálfs sem þeir tilbáðu kom Móse fram fyrir Guð og bað hann að fyrirgefa lýðnum syndir þeirra (2 Mós 32.11-14). Móse vildi taka á sig brot og sekt lýðsins ef Guð þyrmdi fólkinu (2Mós 32.31-34). „Hafi ég fundið náð fyrir augum þínum, Drottinn, komdu þá með okkur, Drottinn. Þótt þetta sé harðsvíruð þjóð, fyrirgefðu okkur sekt okkar og syndir og gerðu okkur að eign þinni“ (2Mós 34.9). Hér sjáum við glöggt mátt fyrirbænarinnar en vegna hennar snýst hugur Guðs. „Þá hætti Drottinn við það sem hann hafði hótað þjóð sinni“ (2Mós 32. 13). Hér sjáum við eðli Guðs sem vegna bænarinnar sýnir miskunn. Þetta er staðfest í orðunum í sálmi 86.5. „Þú, Drottinn, ert góður og fús til að fyrirgefa, gæskuríkur öllum sem ákalla

þig“. Ekki er alltaf auðvelt fyrir einstaklinginn að meðtaka fyrirgefninguna en helgihaldið er tæki til að hjálpa honum að átta sig á þeirri sekt sem hvílir á honum og um leið mikilvægi og gildi fyrirgefningar sem hann getur þegið og hefur aðgang að. Í útleigðinni á 6 öld f.Kr. og síðar eftir heimkomuna verður þetta einn megin þáttur í helgihaldi Ísraelsmanna. Mikilvægi miskunnar og fyrirgefningar Guðs í trúarlífi Ísraelsmanna hefur verið rannsóknarefni fræðimanna. Hér er einnig um að ræða heimfærslu yfir í Nýja testamentið.²⁴

Hugtakið fyrirgefning í Nýja testamentinu

Í Nýja testamentinu eru aðallega tvær sagnir notaðar yfir fyrirgefningu þær eru *charizomai* sem þýðir að sýna miskunnsemi (e. to deal graciously with) og *aphiemi* að senda í burtu, að losa (e. to send away, 'to loose'). Nafnorðið *aphesis*, fyrirgefning (e. remission) er einnig notað á nokkrum stöðum. Það eru einnig tvö önnur orð *apolyo*, að sleppa eða leysa (e. to release) sem kemur fyrir í Lúk 6.37 „Fyrirgefið öðrum og Guð mun fyrirgefa yður“ og *paresis* að umbera (e. passing by) að Guð umber syndir sem voru drýgðar áður fyrr (Róm 3.25).²⁵

Við lestur Nýja testamentisins sést að hugtakið fyrirgefning er yfirleitt notað í tengslum við hugtakið synd og mynda þau orðasambandið *fyrirgefning syndanna*. Hér er um að ræða guðfræðilegt hugtak sem hefur vítt merkingarsvið. Nafnorðið fyrirgefning þýðir í raun „lausn, frelsun, skuldalúkning, eftirgjöf, afnám, niðurfelling eða uppgreiðsla skulda“.²⁶ Sögnin að fyrirgefa þýðir aftur á móti: „að losa undan, senda burt, yfirgefa, víkja til hliðar og sleppa.“²⁷ Hér er um tengslahugtak að ræða sem lýsir grundvallarbreytingu í sambandi mannsins við aðra. Ber því að skilja *fyrirgefningu syndanna* sem skilgreiningu á stöðu mannsins frammi fyrir Guði og í samskiptum hans við náungann.

Þáll postuli notar hugtökin um eðli fyrirgefningarinnar. Hann talar um að afmá syndir mannanna, að taka þær burt, hylja þær, að friðþægja fyrir þær, greiða fyrir þær eða bera þær burt. Maðurinn er því leystur úr ánauð og honum veitt frelsi vegna afleiðingar

²⁴ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Glíman* 2008, s. 240-244.

²⁵ Douglas, *The new Bible dictionary* 1972, s. 435

²⁶ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Glíman* 2008, s. 245.

²⁷ Sigurjón Árni Eyjólfsson, sama rit: 2008, s. 245.

fyrirgefningarinnar. Til að skilgreina þann veruleika sem felst í fyrirgefningu syndanna setur Páll fram kenningu um réttlætingu fyrir trú. Ekki er eingöngu um að ræða frelsun undan skuldaánaud, heldur lausn undan allri bælingu, oki og ánaud sem syndin nær yfir. Fyrirgefningin snýst um að Guð tekur á sig glötun mannsins og sættir hann við sig, sjálfan sig og náungann (2Kor 5.17-21). Hann gerir hann að barni sínu og tekur hann að sér í Kristi án allra skilyrða (2Kor 5. 21, Róm 3.21, GaL 3.6 o.áfr.; 4.22-25; Gal 3.6 o.áfr.). Í Kristi er maðurinn réttlættur af Guði og endurnýjaður (2Kor 5.17). Ef borið er saman við Gamla testamentið þá er gert ráð fyrir að fyrirgefningin sé eingöngu á valdi Guðs en í Nýja testamentinu er Jesú bætt við. Fyrirgefningin er megin kjarni í boðskap Jesú um guðsríkið sem hann opinberar í samskiptum við aðra samborgara sína þar á meðal tollheimtumenn og syndara.

Í upphafi boðunar Jesú er fyrirgefningin þegar áréttuð (Mark 1.4; 2. 1-12). Í Lúkasarguðspjalli hefst boðunarstarf Jesú á tilvísun í Jesaja 61: „Andi Drottins er yfir mér af því að hann hefur smurt mig. Hann hefur sent mig til að flytja fátækum gleðilegan boðskap, boða bandingjum lausn og blindum sýn, láta þjáða lausa og kunnjóra náðarar Drottins“. Rétt þýðing á gríska orðinu fyrirgefa (gr. ἀφίημι) er „að leysa bandingja“ og „láta þjáða lausa“. Frelsið er tengt raunverulegri fyrirgefningu og er henni líkt við frelsun undan fargi skatta, uppgreiðslu lána eða skuldaniðurfellingu (Matt 18. 23-35).

Í Nýja testamentinu kemur í ljós að hugtakinu fyrirgefning er líkt við lækningu af sjúkdómum eða frelsun úr ánaud og þrældómi. Niðurfellingu, skulda og náðun fyrir rétti, afleiðingu friðþægingarfórnar og loks sem umbreytingu frá dauða til lífs.²⁸

Eins og *salach* er ekki eina orðið sem er notað yfir fyrirgefningu í Gamla testamentinu er „ἀφίημι“ ekki eina orðið yfir fyrirgefningu í Nýja testamentinu. Það kemur varla fyrir hjá Páli og Jóhannesi sem nota önnur orð yfir fyrirgefningu.

Nýja testamentið segir frá lífi og starfi Jesú og uppfyllingu á fyrirgefningu Guðs (Mark 2.5) Í gegnum frelsið í honum öðlast menn hlutdeild í fyrirgefningunni fyrir Jesú. „Þetta er blóð mitt, blóð sáttmálans, úthellt fyrir marga til fyrirgefningar synda ” (Matt 26.28). Samkvæmt Mark 2.5 er lækning áfram tákn fyrir uppfyllingu á fyrirgefningu.

²⁸ Sigurjón Árni Eyjólfsson, sama rit: 2008s. 246.

Nú er ekki lengur þörf fyrir ytri staðfestingu á fyrirgefningu sem var mikilvæg í Gamla testamentinu vegna þess að í Nýja testamentinu er Jesús sjálfur tákn fyrirgefningar.

Í bæninni sem Jesús kenndi okkur segir: „Fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum”. (Matt 6.12) Hér segir að við verðum sjálf að biðjast fyrirgefningar til að geta átt von á fyrirgefningu frá Guði. Þessu er fylgt eftir með sögunni um skulduga þjóninn sem fékk uppgefnar skuldir sínar en ræðst á meðbróður sinn sem skuldaði honum.²⁹

Pétur spyr Jesú hve oft hann eigi að fyrirgefa bróður sínum. Á hann að fyrirgefa honum sjö sinnum. Jesús segir honum að hann eigi ekki að fyrirgefa honum sjö sinnum heldur sjötíu sinnum sjö (Matt 18.21). Það þýðir í raun að það séu ekki takmörk fyrir fyrirgefningunni.³⁰ Hvað á Jesú við hér? Vísbendingu um það má sjá í orðum Jesú á krossinum sem lesa má í Lúkasarguðspjalli. Faðir, fyrirgef þeim því að þeir vita ekki hvað þeir gera.“ (Lúk 23. 34). Hér má segja að í þessum orðum komi fyrirgefningarboðskapur Biblíunnar skýrt fram. Hér beinir Jesús orðum sínum til föðurins á himnum en ekki til þeirra sem hæddu hann og ásökuðu. Í bæn til föður síns fyrirgefur hann andstæðingum sínum. Jesús er ekki að gera lítið úr því voðaverki sem unnið er eða að samþykkja það. Hann beindi ekki orðum sínum til ódæðismannanna sem hvorki vildu né gátu tekið við þeim en í hjarta sínu fyrirgefur hann þeim og það í bæn til Guðs. Með þessu sjáum við að fyrirgefningin hefur tvær hliðar, önnur snýr að þeim sem fyrirgefur og hin snýr að þeim sem er fyrirgefið. Sá sem fyrirgefur verður að fyrirgefa í hjarta sínu þeim sem hefur beitt hann órétti. Ef hann gerir það ekki leiðir það til að reiði og hatur sest að í hjarta hans og étur hann upp að innan, ef segja má svo. Ef við snúum okkur að þeim sem er fyrirgefið segir Biblían að iðrun og fyrirgefning fara ætíð saman. Maðurinn þarf að átta sig á að hann þarf á fyrirgefningu að halda og hann þarf að biðjast fyrirgefningar til að geta tekið á móti henni. En við skulum átta okkur á að þetta ferli iðrunar getur reynst mönnum mjög erfitt.³¹

²⁹ Alan Richardson, *A theological word book of the Bible* 1988, s. 85-86.

³⁰ Westermann Claus, *Theological Lexicon of the Old Testament* 1997 s. 801-802.

³¹ Sigurjón Árni Eyjólfsson *Glíman*, 2008, s. 237-238.

Faðirvor og fyrirgefningin

Ef við skoðum aðeins tilurð og uppbyggingu faðirvorsins þá er því lýst í

Lúkasarguðspjalli sem hér segir:

Svo bar við, er Jesús var á stað einum að biðjast fyrir, að einn lærisveina hans sagði við hann þá er hann lauk bæn sinni: „Drottinn, kenndu okkur að biðja eins og Jóhannes kenndi lærisveinum sínum.“ En hann sagði við þá: „Þegar þér biðjist fyrir, þá segið: Faðir, helgist þitt nafn, til komi þitt ríki, gef oss hvern dag vort daglegt brauð. Fyrirgef oss vorar syndir enda fyrirgefum vér öllum vorum skuldunautum. Og eigi leið þú oss í freistni“ (Lúk 11.1-4).

Hér er ekki um sömu bæn að ræða og við notum dags daglega en hana er að finna í fjallræðunni í Matteusarguðspjalli. Munurinn liggur í fjölda bæna en í Matteusi eru bænirnar sjö en hjá Lúkasi eru þær fimm talsins. Hjá Lúkasi er ekki „verði þinn vilji svo á jörðu sem á himni“ og hin sjöundu „frelsa oss frá illu“ Í upphafsávarpinu notar Lúkas ekki orðin „faðir vor“ en „faðir“ í staðinn fyrir það. Lofgjörðin „því að þitt er ríkið, mátturinn og dýrðin að eilífu. Amen“ er í hvorugri bæninni.

Við verðum þess strax vör þegar við förum með faðirvorið að það er samsett úr þremur bænum sem ávarpa Guð með persónufornafninu „Þú“ (Helgist þitt nafn. Verði þinn vilji og til komi þitt ríki) og fjórar bænir þar sem fleirtöluorð er notað til að ávarpa Guð og beinast að okkur sjálfum (Gef oss. Fyrirgef oss. Leið oss og frelsa oss).

Það hefur löngum verið ljóst að faðirvorið hefur vissa tengingu við boðorðin tíu og skiptingu þeirra. Boðorðin skiptast í tvær töflur. Fjórða til tíunda boðorðið snúa að náunganum og mynda síðari töfluna en fyrsta til þriðja boðorðið lúta að Guði en þau mynda fyrstu töfluna. Í faðirvorinu hafa fyrstu þrjú bænarefnin beina samsvörun við fyrstu þrjú boðorðin og en í hinum fjórum eru bænir sem snúa að manningum og tengjast því síðari töflu boðorðanna. Jesús hefur því gert sína bæn ekki aðeins að bæn lærisveinanna heldur veruleika mannsins alls.

Í Matteusarguðspjalli er fimmta bænin „Fyrirgef oss vorar skuldir svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum“. En hjá Lúkasi „Fyrirgef oss vorar syndir enda fyrirgefum vér öllum vorum skuldunautum.“ (Lúk 11.4). Hér er munur á en Matteus talar um að fyrirgefa skuldir en Lúkas um að fyrirgefa syndir. Hér má finna samhljóma í þessum orðum enda ekki um ólíka hluti að ræða en aremíska orðið hóbáh liggur á bak

við gríska textann en hann getur bæði þýtt sekt (ὀφείλημα) og synd (ἀμαρτία). Staða mannsins sem syndari í heiminum er viðfangsefni Lúkasar en sekt hjá Matteusi sem er nær upprunalegri merkingu orðsins. Á grísku er hugtakið skuldir notað yfir fjárskuldir enda hefur það upphaflega þýtt lán. (Matt 18.27). Hér er vísað til þess þegar menn losna undan skuldakvöðum. Skuldir eru felldar niður eða lán uppgreidd en því fylgir mikill léttir og frelsi. Í 3. og 5. Mósebók er sama orðfæri og Jesús notar hér en þar er greint frá að sjöunda hvert ár skuli menn losaðir úr skuldaánaud. Þeir sem höfðu verið hrepptir í þrældóm vegna skulda og vanskila á þeim voru látnir lausir að sjö árum liðnum, svo kváðu lög Móse fyrir um. Einnig er kveðið á um að á fimmtíu ára fresti skulu allir stór samningar ganga til baka (5 Mós 15.12-18; 3Mós 25.8-22).

Alþýða manna beið þess með eftirvæntinug að yfirvöld felldu niður skuldir eða skatta því það breytti stöðu þeirra verulega. Jesú tengir bænir sínar í faðirvorinu þessu er hann segir “fyrirgef oss vorar skuldir” og tengir það þannig uppgjöri á efsta degi frammi fyrir dómstóli Guðs. Það markar upphaf eilífðar náðar Drottins þegar syndir eru fyrirgefnar og niðurfelldar. Guð er beðinn að losa manninn við allar byrðar í faðirvorinu. Í einni dæmisögu Jesú í Matteusarguðspjalli sýnir hann hve óendanleg fyrirgefningin er og hverjar afleiðingar hennar eiga að vera í lífi mannsins. Þar er sagt frá konungi sem fellir niður mjög háar skuldir hjá þjóni einum vegna grátbeiðni hans. Þessi sami þjónn hafði ekki mikið lært af þessu því þegar hann mætir samþjóni sínum sýnir hann honum mikla hörku við innheimtu á skuld sem hann átti hjá honum og hann gat ekki greitt. Konungurinn hætti við að fella niður skuld þjónsins þegar hann heyrði þetta (Matt 18.21-35). Hér var um mikla fjárhæð að ræða sem þjónninn gat engan veginn borgað sem sýnir okkur að mannum er um megn að frelsa sig sjálfur og einnig á sagan að kenna okkur að það fylgir því ábyrgð að taka á móti fyrirgefningu. Í faðirvorinu dregur Jesús upp mynd af fyrirgefningu Guðs sem hefur með því rutt öllu úr veginum sem aðskilur Guð og mann. Þetta persónulega kærleikssamband Guðs og manns skiptir öllu máli.

Í bæninni „fyrirgef oss vorar skuldir“ er einnig vísað í friðþægingardauða Jesú eins og öllum ritum Nýja testamentisins ber saman um. Orð Jesú við kvöldmáltíðina „Þetta er blóð mitt, blóð sáttmálans, úthellt fyrir marga til fyrirgefningar synda“ (Matt 26.28) eru túlkun hans á dauða sínum. Með dauða sínum sér Jesús endanlegan dóm yfir synd eða *firringu* manns og heims. Jesús tekur á sig afleiðingu syndarinnar eða gjaldið og

greiðir það að fullu. Þegar Matteus skrifar guðspjallið er hann að skrifa til safnaðarins sem lifir í þessari fyrirgefningu. Hér er um að ræða veruleika sem umvefur allt líf mannsins. Líf mannsins á því að bera þessari fyrirgefningu, frelsi og sátt Guðs og manns vitni í lífi sínu.

Það má ætla að fyrirgefning Guðs sé skilyrt þegar setningin „fyrirgef oss vorar skuldir, svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum” er skoðuð. Það stenst þó ekki því fyrirgefning Guðs er forsenda fyrirgefningar mannsins. Um sambandshugtak er að ræða þegar fyrirgefningin er skoðuð. Í faðirvorinu er manningum gert ljóst að Guð tekur við honum eins og hann er. Þannig lærir maðurinn að gangast við sjálfum sér og náunga sínum. Maðurinn fyrirgefur þannig náunga sínum sem er bein afleiðing af fyrirgefningu Guðs. Um er að ræða róttækan veruleika og ekki það sama og að segja „afsakið” eða biðjast fyrirgefningar án þess að meina nokkuð með því. Þegar Jesús var á krossinum kallaði hann til Guðs „Faðir, fyrirgef þeim því að þeir vita ekki hvað þeir gera“ (Lúk 23.34). Hann sagði ekki “Ég fyrirgef ykkur”. Grundvallarþáttur er að biðjast fyrirgefningar til að geta tekið við fyrirgefningu og geta skilið hvað felst í því. Í bæninni „Fyrirgef oss vorar syndir” biðjum við um eilíft líf með Guði föður og erum fullviss að hann veitir það.³²

Jesús hefur umboð frá Guði til að grípa inn í þjáningarferli manna og frelsa þá „undan oki syndar og illsku, þjáningar og einangrunar”³³. Dæmisagan úr Markúsarguðspjalli segir vel frá þessu en þar er sagt frá deilum Jesú við farísea um syndina og hver hafi rétt til að fyrirgefa hana. Jesús segir við lama manninn. „Barnið mitt, syndir þínar eru fyrirgefnar.“ (Mrk 2.5). Hér sjáum við vel að líkamleg/andleg lækning og fyrirgefning synda er lögð að jöfnu. Ef við skoðum Gamla testamentið þá kemur skýrt fram að Guð einn hefir vald til að fyrirgefa syndir en Jesú tekur við þessu hlutverki Guðs. Ef við skoðum söguna þá er lækningin ekki hið eiginlega kraftaverk heldur fyrirgefning syndanna (Mrk 2. 9-11).³⁴

³² Sigurjón Árni Eyjólfsson, sama rit: 2008s. 246-250.

³³ Sigurjón Árni Eyjólfsson, sama rit: 2008s. 252.

³⁴ Sigurjón Árni Eyjólfsson, sama rit: 2008s. 252.

Gildi fyrirgefningar í lífi kristins manns

Í nútíma þjóðfélagi eru mannleg samskipti byggð á manninum sjálfum og fyrirgefningin fer fram í samskiptum hans við aðra menn án hins nána persónulega sambands við Guð.³⁵

Ágústínus kirkjufaðir (354-430) segir að kristinn einstaklingur lifi í spennu á milli þess að taka á móti fyrirgefningu og erfiðleikanna við að vera farvegur hennar til náungans. Þetta valdi streitu og hugarangri. Hann segir að maðurinn verði að sleppa byrði reiðinnar af hjarta sínu. Ágústínus ræðir síðan um óvininn og þá reiði og hatur sem hann getur kallað fram í mönnum. Hann heldur fram að enginn komist í gegnum lífið án þess að eignast hatursmenn. Þegar mótlæti mætir honum má hann ekki gleyma að sálin tilheyrir ekki ríki jarðarinnar heldur himinsins. Hann ætti því að sjá andstæðing sinn með augum Guðs og sjá veikleika hans á þann hátt. Náunginn er maður eins og þú sjálfur sem hefur einnig þegið sál sína frá Guði. Adam og Eva er frumforeldrar beggja og er því mótstöðumaðurinn, bróðir og systir.³⁶ Ágústínus segir að bæn okkar eigi að snúast um bæn gegn illsku óvinarins svo að hún verði að engu og óvinurinn sjálfur megi lifa.³⁷

Ágústínus heldur áfram og segir að ótti og reiði fólks geti verið mjög sterk og þess vegna áminni Guð einstaklinginn og hjálpi honum að vinna á þessum ótta og reiði. Fyrirgefningin fái fyrst merkingu í lífi óvinarins þegar hann kemur fram með ósk um fyrirgefningu. Kristnum manni beri að veita óvini sínum fyrirgefningu ef hann fari fram á það.³⁸ Ágústínus segir „Ef þú getur ekki elskað fjandmann þinn þegar hann er þér andsnúinn, reyndu það þá að minnsta kosti þegar hann biðst fyrirgefningar“ og bætir síðan við „nafn þess sem neitar slíkri bón muni afmáð úr bók lífsins.“³⁹

Niðurstaða Ágústínusar er að markmið síðari hluta bænarinnar „svo sem vér og fyrirgefum vorum skuldunautum“ í faðirvorinu sé að losa hjartað úr ánaud haturs og vilji til að leiðrétta þann sem braut af sér. Menn iðrast og biðjast fyrirgefningar og svarið við fyrirgefningunni er að menn viðurkenna afbrotin og sýna ábyrgð.

³⁵ Alan Richardson, *A theological word book of the Bible* 1988, s. 85-86.

³⁶ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Glíman* 2008, s. 257-258.

³⁷ Ágústínus, Árelíus, *The Fathers of the Church* 1977, s. 253.

³⁸ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Glíman* 2008, s. 258-259.

³⁹ Ágústínus, *Commentary on the lord's sermon on the mount with seventeen related sermons* 1977, s. 251

Marteinn Lúther (1483 – 1546) heldur því fram að fyrirgefningin sé megin inntak fagnaðarerindisins og að þar sé að finna kjarna kenningarinnar um réttlætingu af trú. „Þar tekur Kristur á sig synd, glötun og dauða mannsins og veitir honum í staðinn réttlæti sitt náð og líf.“⁴⁰ Lúther talar um að þar sé að finna „drifkraft“ hans í samskiptum hans við Guð og náungann.

Í útskýringum sínum við fimmtu bæn faðirvorsins segir Lúther í fræðunum minni:

Vér biðjum í þessari bæn, að faðirinn á himnum vilji eigi á synd vora líta né hennar vegna oss bænheyrslu synja – því að vér erum einskis þess makleg, sem vér biðjum um, og höfum ekki verðskuldað það – heldur að hann vilji gefa oss það allt af náð, því að daglega syndgum vér mikið og verðskuldum einbera hegningu. Svo viljum vér þá og aftur á móti af hjarta fyrirgefa og gera gott þeim er við oss misgera.⁴¹

Hér er um að ræða tvær bænir. Fyrri bænin snýr að sambandi mannsins við Guð þar sem maðurinn þarf að gangast við fyrirgefningu Guðs, láta hana móta sjálfsmyndina og lifa í henni. Síðari bænin tekur á sambandi manns við náungann. Fyrirgefningin þarf að verða að sýnilegu tákni sem mótar samband manna innbyrðis og samfélagið í heild.

Maðurinn þiggur tilvist sína, líf og gæði úr hendi Guðs. Guð fyrirgefur án þess að maðurinn biðji um það. Það kemur í ljós að maðurinn er það sem honum hefur verið gefið og hann hefur þegið en það er inntak fagnaðarerindisins.

Líf mannsins er stöðug trúarbarátta þar sem maðurinn glímir við „efa og vissu og traust og vantrausts, trúar og vantrúar“.⁴²

Maðurinn þarf sífellda áminningu um að náð og fyrirgefning Guðs standi honum til boða þrátt fyrir efa og ótta. Vegna þess er mjög mikilvægt að hrópa og biðja til Guðs um að hann fyrirgefi allar skuldir okkar. Menn koma fram fyrir auglit Guðs og hann færir honum fyrirgefningu og réttir einstaklinginn við.

Lúther bendir á að maðurinn á að muna eftir skírninni en í henni öðlast hann fyrirgefningu Guðs í „eitt skipti fyrir öll“. Skírnin er ekki bundin við ákveðinn atburð

⁴⁰ Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Glíman* 2008, s. 259

⁴¹ Einar Sigurbjörnsson, *Kirjan Játar* 1991, s. 269.

⁴² Sigurjón Árni Eyjólfsson, *Glíman* 2008, s. 261.

sem gerðist á ákveðnum tíma heldur er um að ræða áhrif sem miðla náð sem umfaðmar einstaklinginn. Tilefnislaust er að réttlætast fyrir verk manna og dugnað.

Guð vill gefa mannum hreina og óflekkaða samvisku svo hann geti komið fram fyrir Guð í bæn.

Lúther segir að Guð fyrirgefi á tvönnan hátt. Annars vegar á leyndan hátt en þá veit maðurinn ekki af fyrirgefningunni og hins vegar á þann hátt að einstaklingurinn reynir fyrirgefningu í glímu hans við áskanir samviskunnar. Maðurinn þarf ætíð að halda í fagnaðarerindið til að verjast angist og efa.

Þegar Guð grípur inn í getur sjálfsmýnd mannsins breyst. Við þurfum á Guði að halda og ef hann fyrirgefi okkur ekki mundum við glatast. Guð metur manninn af náð sinni en ekki eftir verkum hans. Guð horfir ekki á syndir okkar, heldur vill hann auðsýna okkur náð og fyrirgefningu eftir því sem hann hefur lofað. Við öðlumst óflekkaða samvisku þannig að við getum mætt Guði og staðið frammi fyrir augliti hans og beðið. Þetta skapast af því að syndir okkar eru fyrirgefnar.

„Dæmið ekki og þér munuð eigi verða dæmd. Sakfellið eigi og þér munuð eigi verða sakfelld. Fyrirgefið öðrum og Guð mun fyrirgefa yður“ (Lúk 6. 37). Lúther segir að við syndgum mörgum sinnum á dag og Guð fyrirgefur okkur allt af náð sinni við okkur. Á sama hátt verðum við alltaf að fyrirgefa náunga okkar sem brýtur á okkur á svo margan hátt og sýnir okkur órétt. Lúther segir að maður skuli ekki reikna með fyrirgefningu Guðs ef þú fyrirgefur ekki náunga þínum. Aftur á móti ef þú fyrirgefur áttu von um fyrirgefningu á hinnum.

Lúther segir að menn séu að glíma við erfitt verk. Þeir falli aðallega í tvær gildirur. Þeir hafi tilhneigingu til að vilja ekki gleyma misgjörðum náungans og í staðinn fyrir að hylja hana þá efli þeir hana bæði í tali og hugsun. Þetta veldur forherðingu og menn gera mikið úr flísinni í auga náungans. Menn líta framhjá eigin brotum og minnst þeirra ekki frammi fyrir Guði. Öll orkan fer í að gera mikið úr misgjörðum náungans. Menn ganga út frá því að Guð fyrirgefi þeim þrátt fyrir að þeir fyrirgefi ekki náunga sínum.

Hin gildran sem menn falla í er þegar þeir fela dómsýkina undir formerkjum umhyggjunnar. Þeir setja sína eigin mælikvarða. Misgjörðir og veikleikar náungans eru meðhöndlaðir undir merkjum umhyggjunnar.

Lúther spyr þessar manngerðir að því hvað þeir mundu segja ef Guð mundi blása út allar þeirra syndir og auglýsa þær opinberlega. Hann segir að menn eigi að ræða saman undir fjögur augu eða gleyma.⁴³

Maðurinn hvílir í fyrirgefningu syndarinnar þegar hugsanir Guðs minna hann ekki á syndina heldur að hún er fyrirgefin. Þegar það liðna er ekki minning um hve mikil afbrotin voru heldur hve mikið er fyrirgefið. Þetta er nálgunin sem Kierkegaard var stöðugt að reyna að tileinka sér í sínu eigin lífi. Það er ekki bara spurning um að fá syndirnar fyrirgefnar heldur þetta að gleyma þeim.

Í bók Kierkegaards frá 1847 „Ástin hylur fjölda synða“ (e. Love Hides a Multitudes of Sins) þar sem hann fjallar um verk ástarinnar. Hann skrifar á áhrifaríkan hátt um gleymsku Guðs jafnt sem fyrirgefningu syndanna. Á myndrænan hátt segir hann að náð Guðs haldi ekki fyrirgefningu syndanna yfir höfði þess sem hefur fengið fyrirgefningu syndanna eins og skuld eða sorglegri minningu af gömlu afbroti. Með algjörri fyrirgefningu sýni Guð ást sína. Með fyrirgefandi ást er fjöldi synða hulinn...fyrirgefningin fjarlægir syndir algjörlega burtu.

Að gleyma, þegar Guð gerir það í tengslum við syndir er eins og að skapa. Að skapa er að færa fram af engu og að gleyma er að fara til baka að einhverju ógerðu. Það sem er hulið augum mínum er eitthvað sem ég hef aldrei séð en aftur á móti þegar ég held einhverju fyrir aftan bak þá er það eitthvað sem ég hef séð. Sá sem elskar að fyrirgefa á þennan hátt hann fyrirgefur. Hann gleymir, hann þurrkar út syndina. Í elsku snýr hann sér að þeim sem hann fyrirgefur, en þegar hann snýr sér að honum þá getur hann að sjálfsgöðu ekki séð það sem er haldið fyrir aftan bak.

Á mannlegan hátt er Kierkegaard að sýna fram á mikilvægi prestlegrar huggunar sem er ekki eingöngu fyrirgefning syndarinnar heldur eru þær ekki lengur sjáanlegar, þegar Guð lítur á þann sem trúir. Hann sér þann sem er algjörlega fyrirgefið eins og hann hafi ekki fyrirgefið honum eða hann ekki brotið af sér. Þess vegna er það skylda einstaklingsins að kalla ekki fram aftur af þráhyggju gamlar syndir heldur að meðtaka algjöra guðlega fyrirgefningu með því að samþykkja sjálfan sig sem viðurkenndan í augum Guðs.

⁴³ Sigurjón Árni Eyjólfsson, sama rit: 2008, s. 262-265

Kierkegaard gæti ef til vill samþykkt kenninguna um guðlega fyrirgefningu öðrum til handa. Tilfinning um eigin óverðugleika og samþykki á þörfinni fyrir fyrirgefningu á syndunum þýðir að viðkomandi elskar Guð. Sú meðvitund getur verið átakanleg að maðurinn trúi ekki sjálfkrafa að Guð elskar hann. Niðurstaðan er því að meðvitundin um syndina verður að vera spegluð í tengslum við Guð. Þannig verður fyrirgefningin að vera meðtekin af okkar innri sjálfs túlkun.

Kierkegaard sagði: „Það er enginn sigur eins fallegur og sá sem er unninn í fyrirgefningunni, í honum er jafnvel unninn bugur á gleðinni í dásemdunum sjálfum“.⁴⁴

Við komum fram fyrir Jesú stórskuldug og báðum hann að fyrirgefa okkur allar okkar syndir. Við sögðum: „Drottinn, ég vil leysa þetta án þess að fara fyrir dómstól. Ég vil ekki bíða til dómsdags og fá það sem ég verðskulda. Skuld mín er mjög mikil og ég hef ekki möguleika á að borga. Ég hrópa til þín og bið þig að miskunna mér og fyrirgefa? Hann sagði: „Sonur minn, dóttir mín, komdu, náð mín stendur þér til boða og miskunn Drottins Jesú Krists. Sonur minn kom í þinn stað og skuld þín er að fullu greidd“.⁴⁵ Hér er um algjöra fyrirgefningu að ræða eins og þú hafir aldeil syndgað. Hún er fullkomlega hulin. Með dauða sínum, dó Jesús fyrir okkur og með því greiddi hann alla skuldina okkar. Jesús sonur Guðs skipti á sakleysi sínu og sekt okkar. Greiddi sjálfur skuldir okkar.⁴⁶

⁴⁴ Simon D Podmore, *Journal of Psychology and Theology* 2009, s. 177.

⁴⁵ John Arnott, *Mikilvægi fyrirgefningar* 2009, s. 20.

⁴⁶ John Arnott, *sama rit*: 2009, s. 20.

Niðurlag

Hugtakið fyrirgefning og merking þess er að mínu mati mjög mikilvægt á okkar tímum og hefur verið það í gegnum aldirnar.

Maðurinn er í eðli sínu breyskur og honum verður á í sínu daglegu lífi. Þegar hann brýtur á náunganum verður sundrung á sambandi þeirra á meðal. Hann þarf að geta iðrast brota sinna og beðist fyrirgefningar á misgjörðum sínum. Stundum getur hann bætt fyrir brot sín en oft er ekki hægt að bæta skaðann.

Það má læra mikið af sögunni um skulduga þjóninn. Þegar hann fær skuldina niðurfellda þá hefði hann átt að gefa þeim sem skuldaði honum upp skuldina í staðinn fyrir að ganga mjög harkalega að honum að endurgreiða sér. Þegar okkur verður á og þurfum að biðja einhvern fyrirgefningar þá verðum við á sama hátt að geta veitt öðrum fyrirgefningu.

Að fyrirgefa sjálfum sér er oft erfitt. Menn bera oft djúp sár vegna eigin misgjörða en ná ekki að fyrirgefa sjálfum sér. Í nútíma samfélagi er oft mikið miskunnarleysi og menn ala á hatri og heift í garð náungans. Þetta hatur eitrar umhverfið og spillir gleði og vináttu.

Eftir kreppuna og hrun bankanna (2008) með tilheyrandi erfiðleikum fyrir þjóðina og einstaklingana viljum við finna sökudólga og láta þá blæða fyrir misgjörðir sínar.

Hér er mikilvægt að stoppa sig af. Öll erum við syndarar sem þurfum á náð Guðs að halda. Jesús með lífi sínu gaf okkur góða fyrirmynd. Hann ásakaði ekki bersyndugu konuna sem menn vildu grýta. Hann sagði: "Sá yðar, sem syndlaus er, kasti fyrstur steini á hana"(Jóh 8.7).

Ef hver og einn biður náungann fyrirgefningar og tekur á móti fyrirgefningu frá öðrum er hægt að leysa mörg vandamál og græða mörg innri sár. Við þurfum hvert og eitt að læra af Jesú og fara eftir þeim boðskap sem hann kenndi okkur.

Ég tek undir orð Kierkegaards „það er enginn sigur eins fallettur og sá sem er unninn í fyrirgefningunni“.

Ég ætla að enda þessa umfjöllun með ljóðinu Fyrirgefning eftir Ómar Ragnarsson fréttamann.

Án fyrirgefningar friðlaus verður hver maður
fær ekki lífað lífinu sáttur og glaður.
Batnandi manni er best að lífa og deyja
bæta fyrir sín afbrot, -sig auðmjúkur beygja.

Þú, sem ég braut gegn, þér á ég skuld að gjalda.
Þungbær er sökin og erfitt er henni að valda.
Ef framvegis gegn syndinni verð ég á verði
Viltu fyrirgefa mér það sem ég gerði.

Fyrirgefning og iðrun mér frið mun veita
Fyrirgefning Drottins ég verð að leita
en víkja þó ekki frá verknaðinum sjálfum,
ég verð að geta fyrirgefið mér sjálfum.

Er endirinn nálgast áfram ég trúi og vona.
Og ósk mín til þeirra, sem braut ég á móti, er svona:
Þótt sakbitinn muni ég síðustu rimmuna heyja
að sáttur við Guð og menn ég fái að deyja.⁴⁷



⁴⁷Edda Möller o. a., *Fyrirgefning og sátt* 2009, s. 9.

Heimildaskrá

- Alan Richardson. 1988: *A Theological Word Book of the Bible*. SCM Press.
- Alex Pattakos. 2009: vor. The Meaning and Power of Forgiveness. *Interbeing*. 3. bindi
Burbank
- Ágústínus, Árelíus. 1977: *Commentary on the Lord's Sermon on the Mount with
Seventeen Related Sermons*, þýð. Denis J. Kavanagh, o. a., 3. útg., í: *The Fathers of
the Church*. A new translation. 11. bindi, Washington, D.C.
- Árni Böðvarsson, 1979: *Íslensk orðabók handa skólum og almenningi*. Reykjavík,
Bókaútgáfa Menningarsjóðs.
- Biblían, Heilög ritning* 1981: Heilög ritning, Gamla testamentið og Nýja testamentið.
Reykjavík, Hið íslenska Biblíufélag.
- Biblían, Heilög ritning* 2007: Gamla testamentið ásamt Apokrífu bókum og Nýja
testamentið. Reykjavík, Hið íslenska Biblíufélag, JPV útgáfa.
- Douglas J.D, 1972: *The New Bible Dictionary*. London, Inter-Varsity Press.
- Edda Möller, Hreinn Hákonarsson, Guðbjörg Jóhannesdóttir, Elín E. Jóhannsdóttir o.fl.
2009: *Fyrirgefning og sátt*. Reykjavík, Skálholtsútgáfa.
- Einar Sigurbjörnsson. 1991: *Kirkjan Játar*. Reykjavík. Útgáfan Skálholt.
- Flanigan Beverly. 1992: *Forgiving the Unforgivable*. New York, Wiley Publishing,
Inc.
- Gunnar Þorsteinsson. 2010: „Gunnar fyrirgefur morðingja móður sinnar”. *Sjálfstætt
fólk*. Sótt 12. nóvember, 2010. Netslóð:
<http://visir.is/section/MEDIA99&fileid=CLP686>.
- John Arnott. 2009: október. *Það sem kristnir þurfa að vita um, Mikilvægi
fyrirgefningar*, 2. útgáfa. Prenttorg ehf. Reykjavík.
- Kristín Bjarnadóttir. 2001: Kraftaverk eða ferill. Rætt við Marteín Steinar Jónsson
sálfræðing um fyrirgefninguna. Bjarmi, bls. 13-17.
- Peter Strelan. 2010: ágúst: What forgiveness does vs what forgiveness is: A
psychological challenge to traditional conceptualizations of forgiveness. *Lutheran
Theological Journal*. 44 bindi. Adelaide
- Richardson Alan. 1988: 19. prentun. *A Theological Word Book of the Bible*. SCM Press
LTD.

Sigurjón Árni Eyjólfsson. 2008: Fyrirgefning í kristinni hefð. *Glíman*. 5, bls. 237-269.

Simon D Podmore. 2009: Kierkegaard as physician of the soul: On Self-Forgiveness and Despair. *Journal of Psychology and Theology*. 37. bindi. La Marda.

Szablowinski Zenon. 2009: febrúar. Should Christins forgive Always; Does God Alway Forgive? Pacifica: *Journal of Melbourne College of Divinity*. Parkcille.

Westermann Claus, Jenni Ernst. Þýtt af Mark E. Biddle. 1977: *Theological Lexicon of the Old Testament*. 2. Bindi. Hendrickson Publishers.

Myndir:

<http://members.dodo.com.au/cooindaonline/god-abled/Forgive.gif>

<http://heartforgiveness.files.wordpress.com/2009/11/bigredheart300x2841.jpg>

